| **Kennari** | **Þórhallur Ragnarsson** | **Sk.st.** | **ÞHR** |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing**

Í áfanganum er farið í BJT-transistorinn og áhersla lögð á að nemendur kynnist transistor sem rofa.

Nemendur hanna einfalda jafnstraums- og riðstraumstransistormagnara, herma rásirnar í forriti og smíða síðan a.m.k. einn slíkan.

Fjallað er um mismunandi tengingar transistora (common emitter, common base,common collector) og hvernig nota má upplýsingar frá framleiðendum til að hanna rafeindarásir.

**Áfangamarkmið:**

Nemandi...

- þekki eiginleika transistora
- geti leitað að bilunum og lagfært þær í einföldum rafeindarásum
- geti með mælingum ákvarðað skaut og gerð BJT-transistora
- geti með mælingum sett upp útgangslínur fyrir BJT og lagt inn í DC-vinnulínu og vinnupunkt
- þekki virkni transistors sem rofa
- þekki kosti og galla mismunandi DC-spennufæðingar á BJT-transistora og viti hvaða þættir hafa áhrif á þær (t.d. hiti og straummögnun)
- þekki h-stuðla (h-parameters), r-stuðla (r-parameters) fyrir BJT-transistora og geti notað þá í samanburðarútreikningum
- geti teiknað dc- og ac-jafngildisrásir af einföldum transístormögnurum (common emitter, common base, common collector)
- geti reiknað dc- og ac-stærðir transistorstiga og gert samanburðarmælingar á dc-spennum og ac-spennumögnun, inngangsmótstöðu og útgangsmótstöðu
- geti hannað, smíðað og prófað einfalda transístormagnara
- geti notað upplýsingar frá framleiðanda til að meta virkni BJT-hluta
- hafi gott vald á viðeigandi mælitækjum, hermiforritum og útreikningum í framangreindum verkefnum og geti sett niðurstöður sínar fram með skilmerkilegum hætti í vinnubók

**Námsmat:**

Verkefnavinna og próf. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5.

| **Námsmat** | **Lýsing** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Skriflegt | Próf í lok annar | **60%** |
| Skyndipróf | (tímasetning þeirra ákveðin nánar þegar þar að kemur með hliðsjón af efnisyfirferð) | 20% |
| Frammistaða á önn | Skilaverkefni sem koma af og til, án frekari fyrirvara. | 20% |
| Annað | (*nemandi þarf að standast lokaprófið* (45%) til þess að vetrareinkunn verði metin inn í lokaeinkunn) | |

| Vika | Námsefni | |
|---|---|---|
| 33 | Kynning - kennsluáætlun afhent og rædd | |
| 34 | Transistorinn (BJT) útlit, efni, uppbygging, tákn, tengipólar, straumar, spennur og afl, mögnun $I_B$ $I_C$ $I_E$ $U_{BE}$ $U_{CE}$ $h_{FE}$ | Analog II - kafli 8 |
| 35 | Transistorinn (BJT) – ýmsir eiginleikar | Analog II - kafli 8 |
| 36 | BJT viðnámsmælingar – í lagi – bilaður ? | - |
| 37 | DC-magnarar - vinnupunktur | Analog II - kafli 9 |
| 38 | DC-magnarar BJT sem rofi | Analog II - kafli 9 |
| 39 | DC-magnarar - línulegir | Analog II - kafli 9 |
| 40 | AC-magnarar - vinnupunktur | Analog II - kafli 10 |
| 41 | AC-magnarar | Analog II - kafli 10 |
| 42 | Hliðrænn magnari | Analog II - kafli 11 |
| 43 | Hliðrænn magnari | Analog II - kafli 11 |
| 44 | Grunntengingar transistora (CE, CB og CC) | Analog II - kafli 12 |
| 45 | Grunntengingar transistora | Analog II - kafli 12 |
| 46 | upprifjun | |
| 47 | upprifjun | |

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu (sést til dæmis í INNU)*

| Tegund | Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum) |
|---|---|
| Bækur | Analog – Hliðræn tækni II (Egon Rasmussen) |
| Ljósrit (afhent) | Ítarefni (Rafeindafræðihefti SÖK)<br>Tímadæmi og verkefni eftir því sem kennari sér ástæðu til. |
| Verklegar æfingar | Samhliða bóklegri yfirferð þessum áfanga verða gerðar tengingar, mælingar og tilraunir bæði raunverulegar og í MULTISIM eða sambærilegum hermihugbúnaði. |
| Annað (t.d. ítarefni) | Í kennslustundum verður að jafnaði notaður töfluskanni, MimioXi, sem skráir það sem ritað er á töfluna. Þessar skrár verða síðan aðgengilegar á vefsvæði kennarans **http://kennarar.vma.is/thor** Þar má stundum líka finna ýmislegt annað ítarefni og gagnlegar slóðir. Hugbúnaður til að skoða töfluskannaskrárnar fæst ókeypis á www.mimio.com |

Réttur áskilinn til hóflegra breytinga á þessari áætlun ef þörf krefur.

**Dagsetning: 2010.08.18**

______________________________ ______________________________

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**